

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/82/EB

2009/EES/25/12

frá 14. desember 2005

## um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/544/EBE um tíðnisvið sem tiltekin eru fyrir samræmda opnun á almennu samevrópsku boðkerfi innan Bandalagsins (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 90/544/EBE <sup>(4)</sup> var þess krafist að aðildarríkin tiltækju, eigi síðar en 31. desember 1992, fjórar rásir á tíðnisviðinu 169,4 til 169,8 MHz fyrir almenna samevrópska þráðlausa boðkerfið (hér á eftir kallað ERMES-kerfið) og til að gera, eins fljótt og hægt er, áætlanir til að nýta megi allt 169,4 til 169,8 tíðnisviðið fyrir almenna samevrópska boðkerfið í samræmi við kröfur markaðarins.
- 2) Notkun á 169,4 til 169,8 tíðnisviðinu fyrir ERMES-kerfið innan Bandalagsins hefur dregist saman eða verið hætt þannig að þetta svið er ekki lengur notað með skilvirkum hætti fyrir ERMES-kerfið og gæti nýst betur til að uppfylla aðrar þarfir sem tengjast stefnu Bandalagsins.

- 3) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um lagaramma að því er varðar stefnu innan Evrópubandalagsins um tíðnisvið fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðnisvið fyrir þráðlausar sendingar <sup>(5)</sup>) er ákvörðuð stefna og lagarammi í Bandalaginu í því skyni að tryggja samræmdar leiðir við stefnumótun og, eftir því sem við á, samhæfð skilyrði með tilliti til aðgengis og skilvirkar notkunar á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar en það er nauðsynlegt til að koma á innri markaði og fyrir starfsemi hans. Með ákvörðuninni er framkvæmdastjórninni gert kleift að samþykkja tæknilegar framkvæmdarráðstafanir til að tryggja samhæfð skilyrði að því er varðar aðgengi og skilvirka notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar.

- 4) Þar sem 169,4 til 169,8 tíðnisviðið hæfir búnaði sem kemur fötluðum til góða og með það í huga að efling slíks búnaðar er stefnumið Bandalagsins ásamt hinu almenna markmiði að tryggja starfsemi innri markaðarins gaf framkvæmdastjórnin, skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar, Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) umboð til að kanna m.a., búnað sem tengist aðstoð við fatlaða.

- 5) Í samræmi við framgreint umboð settu Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu fram nýtt tíðni- og rásaskipulag sem gerir kleift að skipta tíðnisviðinu á milli sex notkunarsviða til að uppfylla nokkrar þarfir í tengslum við stefnu Bandalagsins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, p. 27.

(1) Álit var skilað 27. október 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

(2) Álit var skilað 17. nóvember 2005, að höfðu frjálsu samráði (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

(3) Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 1. desember 2005.

(4) Stjtið. EB L 310, 9.11.1990, bls. 28.

6) Af þessum ástæðum og í samræmi við markmið ákvörðunarinnar um tíðnisvið fyrir þráðlausar sendingar skal tilskipun 90/544/EBE felld úr gildi.

(5) Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

3. gr.

1. gr.

Tilskipun 90/544/EBE falli hér með úr gildi frá og með 27. desember 2005.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. desember 2005.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. BORRELL FONTELLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. CLARKE

*forseti.*

---